

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins

Reykjavík, 8. september 2026

SFS26090047

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um eflingu skólasafna, bókakosts og lesturs í grunnskólum Reykjavíkur

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að greina stöðu skólasafna í grunnskólum Reykjavíkur og leggja fram tillögur að aðgerðum til að efla faglegt starf, bókakost og lestrarhvatningu í grunnskólum borgarinnar í samráði við félag fagfólks á skólasöfnum. Greiningin taki meðal annars til aðstöðu skólasafna, bókakosts, skráningar útlána, faglegs stuðnings, fjárframlaga til bókakaupa og þess hvernig skólasöfn eru nýtt sem vettvangur læsis, íslensku, menningar og lestrarhvatningar.

Greinargerð

Góð skólasöfn og fjölbreyttur bókakostur eru mikilvægur hluti af skólastarfi, læsi barna og íslenskukennslu. Þau geta jafnframt verið lifandi menningar- og fræðslurými þar sem börn fá tækifæri til að kynnst bókmenntum, efla lesskilning, auka orðaforða og þróa jákvætt samband við lestur.

Mikilvægt er að öll börn í Reykjavík hafi sambærilegt aðgengi að vönduðum bókakosti og faglegu lestrarstarfi, óháð því í hvaða skóla þau stunda nám. Staða skólasafna getur verið ólík milli skóla, bæði hvað varðar aðstöðu, bókakost, skráningu útlána, faglegt utanumhald og fjármagn til bókakaupa. Því er eðlilegt að fá heildstæða yfirsýn yfir stöðuna áður en tekin er afstaða til frekari aðgerða.

Tillagan byggir á þeirri hugsun að byrja á faglegri stöðutöku og skýrri yfirsýn. Með því má greina hvar þörfin er mest, hvaða verkefni eru þegar að virka vel og hvaða leiðir eru raunhæfar til að jafna aðgengi barna að bókum, lestri og menningu innan grunnskóla borgarinnar.